

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Þingeyjarsveit.

Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Arnstapa, Ljósvatnsskarði.

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar hefur þann 16. ágúst 2007 í samræmi við 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum, samþykkt breytingu á ofangreindu deiliskipulagi.

Breytingin felst í því að lóðum er fjölgað um þrjár, úr sjö í tíu og stækkar deiliskipulagssvæðið úr 9 ha í 10,9 ha. Einnig eru stærðarákvæði grunnflatar rýmkuð og gerðar smávægilegar breytingar á öðrum byggingarskilmálum.

Sá fyrirvari var gerður við samþykkt breytingartillögunnar að sveitarfélagið annist ekki gatnagerð á svæðinu nema sérstaklega sé um það samið.

Deiliskipulagstillagan hefur hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Kjarna, 7. nóvember 2007.

Sigbjörn Gunnarsson sveitarstjóri.

B-deild – Útgáfud.: 26. nóvember 2007